



## Vestfirska vorið

### borg...bæir...þorp...sveit...

Málþing á Flateyri 5. - 6. maí 2017 um stöðu smærri byggðarlaga

Flateyri 8. mars 2017

Með bréfi þessu er þér og fulltrúum sveitarfélagsins boðið að taka þátt í málþingi sem ber heitið **Vestfirska vorið** en það verður haldið á Flateyri dagana 5. og 6. maí nk.

Heimamenn á Flateyri, sem skipuleggja málþingið í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða, spyrja hvort hægt sé að snúa núverandi byggðapróun við, þar sem ljóst sé að ef fram fer sem horfir muni margar sjávarbyggðir á Íslandi ekki ná vopnum sínum og jafnvel leggjast af. Á málþinginu verða því bornar fram brennandi spurningar um framtíð íslenskra sjávarbyggða og annarra byggða í dreifbýli og þær krufðar til mergjar.

*Fyrirlesarar.* Svo vel hefur tekist til, að við höfum fengið þrjá frábæra fræðimenn til að flytja erindi á málþinginu. Allir hafa þeir fjallað um byggðapróun, hver frá sínum fræðagrunni. Þeir eru dr. Guðmundur Hálfðánarson, sagnfræðingur, og prófessor við Háskóla Íslands, dr. Kristinn Hermannsson, hagfræðingur og lektor við Glasgow-háskóla, Skotlandi og dr. Þóroddur Bjarnason, félagsfræðingur og prófessor við Háskólann á Akureyri. Heimamenn á Flateyri munu einnig fjalla um stöðu mála út frá reynslu og rannsóknum og eru það þau Jóhanna G. Kristjánsdóttir, menntunarfræðingur, Kristján Torfi Einarsson, sjómaður og útgerðarmaður og Sæbjörg Freyja Gísladóttir, þjóðfræðingur.

*Umræðum* um efni fyrirlestranna og stöðuna almennt verður gefið gott rými við lok fyrirlestra og í sérstökum pallborðsumræðum enda afar mikilvægt að sem flest sjónarmið og röksemdir komi fram.

*Aðkoma* til Flateyrar að sunnan og norðan er annað hvort flugleiðis til Ísafjarðarflugvallar frá Reykjavík eða landleiðina alla leið á malbiki frá Reykjavík eða Akureyri um Steingrímsfjarðarheiði. Málþingið verður frá kl. 10:00 föstudag til kl. 17:00 laugardag, og er þá tekið mið af flugi vestur á föstudagsmorgun og til

baka á laugardagseftirmiðdag. Rúta verður frá Ísafjarðarvelli í sambandi við flug bæði föstudagsmorgun og laugardagskvöld. Miðað við snjóalög nú eru miklar líkur á að búið verði að opna Hrafseyrarheiði og Dynjandisheiði.

*Þátttökugjald* fyrir ótakmarkaðan fjölda fulltrúa þíns sveitarfélags báða málþingsdagana er kr. 25 þúsund og er litið á gjaldið sem eins konar styrk frá sveitarfélögum og öðrum til málþingshaldsins. Gjaldið greiðist inn á eftirfarandi reikning: 156-26-010348. kt. 711007-0830 (*Hús og fólk*) fyrir 20. apríl nk. um leið og tilkynnt er hverjir munu taka þátt á vegum sveitarfélagsins. Innifalið í gjaldinu er – auk mjög áhugaverðra erinda og umræðna – súpa í hádeginu báða málþingsdagana, frítt far með rútu fram og til baka frá Ísafjarðarflugvelli, léttar veitingar föstudagskvöld kl. 18:00 og frítt í sund. Gististaðir veita flestir 30% afslátt en á Flateyri og í Önundarfirði eru næg gistirými, fjórir matsölustaðir, sundlaug og ýmis konar afþreying.

*Skráning og ítarlegri upplýsingar um gistingu o.fl.* verður hægt að finna á slóðnni [vestfirskavorid.uw.is](http://vestfirskavorid.uw.is) og á facebook-síðu á næstu dögum.

Við treystum því að þetta boð berist til sem flestra kjörinna fulltrúa sveitarstjórna, áhugafólks um byggðaðróun bæði í atvinnulífi og stjórnámálum, til leikra sem lærðra.

Við munum kappkosta að taka sem best á móti öllum sem ætla að dvelja nokkra vordaga með okkur á vestur Flateyri og við hlökkum til frjórra skoðanaskipta sem gætu varðað veginn fram á við.

Undirbúningshópurinn